Jólablað Hjálparstarfs kirkjunnar, 3. tbl. 2020

Margt smátt ...

Hjálpumst að!

Við sendum þér **2.500 kr. valgreiðslu** í heimabankann svo þú getir hjálpað þeim sem þurfa á því að halda!



Öflugt hjálparstarf í heimsfaraldri

Markmið Hjálparstarfs kirkjunnar er að auka lífsgæði og þrautseigju þeirra sem við veitum þjónustu. Langtímamarkmiðið er viðunandi lífsgæði fyrir alla. Til að ná þessu markmiði þurfum við að hjálpast að. Hér gildir það sama og í liðsíþróttum, við verðum að hjálpast að, bakka hvert annað upp. Gott lið, þar sem menn og konur standa saman í gegnum þykkt og þunnt, getur náð ótrúlega langt. Langt umfram það sem reikna hefði mátt með út frá hverjum einstaklingi fyrir sig. Það höfum við sannarlega séð í frábærum árangri íslenskra landsliða. Sama gildir um samfélag okkar í heild, á Íslandi og um allan heim, við verðum að standa saman.

Nýjasta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar er Skjólið – Opið hús fyrir konur sem mun opna á nýju ári. Skjólið verður opið 11–15 fyrir konur sem ekki eiga í örugg hús að venda á daginn. Markmiðið er fyrst og fremst að auka lífsgæði kvennanna og verður hverri konu mætt af virðingu og kærleika. Kirkjuráð fjármagnar verkefnið.

Hjálpumst að, tökum þátt í jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar, gerum kleift að veita stuðning á Covid-tímum á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Við aðlögum starfið og þjónustuna eftir því sem aðstæður breytast. Á Íslandi veitum við stuðning fyrir jólin með inneignarkortum í matvöruverslunum, jólagjöfum og fleiru sem getur verið með í því að gefa gleðileg jól óháð efnahag.

Verkefnið í Sómalífylki í Austur-Eþíópíu snýst um að tryggja fæðuöryggi hjá sárafátæku fólki sem býr á miklu þurrkasvæði. Í Kampala, höfuðborg Úganda, eru reknar verkmenntasmiðjur í þrem fátækrahverfum þar sem ungmenni fá menntun sem bætir möguleika þeirra á betri lífsafkomu. Í sveitahéruðunum Lyantode og Rakai í Úganda aðstoðar Hjálparstarfið börn sem búa við örbirgð. Foreldrar barnanna eru annað hvort látnir af völdum alnæmis eða mjög lasburða og ekki færir um að tryggja heilsu þeirra og tækifæri til mannsæmandi lífs. Reist er hús, vatnstankur sem safnar rigningarvatni, eldaskáli og kamar fyrir fjölskylduna og einnig fær hún geitur, áhöld og útsæði til að hefja matjurtarækt á lóð sinni. Covid-19 faraldurinn hefur sett ýmsa verkþætti úr skorðum sérstaklega þá sem snúa að því að safna fólki saman í stærri hópum og halda fjölmenn námskeið. Starfsfólk verkefnanna hefur tekið þátt í vitundarvakningu yfirvalda á hverjum stað um sóttvarnaraðgerðir og eðli Covid19 veirunnar og þannig tekið þátt í að hefta útbreiðsluna.

Þú getur í þessu blaði lesið um fjölbreytt starf Hjálparstarfs kirkjunnar, ég hvet þig til að styðja starfið. Takk fyrir allan stuðning.

Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar.

Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar

Hjálparstarf kirkjunnar actalliance

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason
Margt smátt ..., 3. tbl. 32. árg. 2020
Ábyrgðarmaður: Kristín Ólafsdóttir

Myndir: Forsíðumyndir eru teknar á vettvangi og lýsa fjölbreyttum verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar innanlands og utan.
Aðrar myndir: Hjálparstarf kirkjunnar og samstarfsaðilar.

Prentvinnsla:
Umbrot: Pipar\TBWA
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



ÞÖKKUM STUÐNINGINN

Arion banki
Alþýðusamband Íslands
VÍNBÚÐIN
BBA // FJELDCO
Bandalag háskólamanna
BRIM
Brostu Tannlæknastofa
BYKO GERUM ÞETTA SAMAN
das HRAFNISTA
Deloitte.
Domino's
EFLING STÉTTARFÉLAG
ESKJA
FULLTINGI slysa- og skaðabótamál
GA SMÍÐAJÁRN
Gólflagnir IÐNAÐARGÓLF
GRANÍT STEINAR
Hótel Hrafnhildi
Hringdu
HRINGRÁS ENDURVINNSLA

Umsækjendum um aðstoð hefur fjölgað um 42%

Frá því í byrjun mars og til októberloka á þessu ári fjölgaði þeim sem sækja sér efnislega aðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar um 42% miðað við sama tímabil í fyrra. Á fyrstu átta mánuðum ársins 2019 leituðu samtals 743 fjölskyldur til Hjálparstarfsins um aðstoð en 1057 á sama tímabili líðandi árs.

Á hverju ári tekur Hjálparstarf kirkjunnar á móti fólki sem ekki hefur efni á að kaupa hátíðarmat fyrir jólin og á ekki fyrir jólagjöfum fyrir börnin. Við höfum nú þegar fengið fjölda umsókna um aðstoð fyrir jólin nú og erum byrjuð að vinna úr þeim með frábærum stuðningi sjálfboðaliða.

Aðstoðin fyrir jól er fyrst og fremst í formi inneignarkorta fyrir matvöru en mikil valdefling felst í því þegar fólk getur valið sjálft það sem það setur í innkaupapokann. Þá geta foreldrar í fjárhagslegri neyð einnig sótt til okkar jólafatnað og jólagjafir fyrir börnin.

Við störfum á Íslandi, í þróunarsamvinnu á Indlandi, í Úganda og í Eþíópíu og veitum mannúðaraðstoð á vettvangi náttúruhamfara og stríðsátaka í samvinnu við systurstofnanir okkar í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance. Starfinu sinnum við með frábærum stuðningi frá hjartahlýju fólk á Íslandi.

Hjálpumst að!

Við leitum nú til þín um stuðning við starfið.

Þú getur valið um að ...

gerast **Hjálparliði** á www.hjalparstarfkirkjunnar.is

greiða **valgreiðslu í heimabanka**, 2.500 kr.

hringja í söfnunarsíma 907 2002 og 907 2003 og greiða 2.500 kr.

leggja framlag inn á styrktarreikning 0334-26-50886, kt. 450670 0499

1970 • 2020
Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

með þinni hjálp!

Áskoranir í hjálparstarfi á tímum COVID-19

Hjá Hjálparstarfi kirkjunnar starfa þrír félagsráðgjafar að verkefnum innanlands. Ráðgjafarnir veita fólki sem býr við kröpp kjör efnislegan stuðning og félagslega ráðgjöf. Ráðgjafarnir segja að það sé munur á líðan fólks sem leitar til Hjálparstarfsins nú og líðan þeirra sem leituðu aðstoðar í kjölfar bankahrunsins árið 2008. Þá hafi fólk getað beint reiði sinni að bankakerfinu en að nú sé erfiðara að beina erfiðum tilfinningum út á við. Ráðgjafarnir segjast taka eftir því að fólk sé nú margt einmana og kvíðið.

Hjálparstarf kirkjunnar nýtur ómetanlegs stuðnings sjálfboðaliða sem nú eru í óða önn að undirbúa aðstoð fyrir fjölskyldur sem búa við efnislegan skort fyrir jólin. Hér eru þær Sigrún B. Jónsdóttir, Mjöll Þórarinsdóttir og Elsa Sveinsdóttir að störfum.

Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsstarfs Hjálparstarfs kirkjunnar segir að undanfarna mánuði hafi félagsráðgjafarnir þurft að takast á við margar nýjar áskoranir í starfi. „Í fyrsta lagi þurftum við að bregðast skjótt við og veita þjónustuna í auknum mæli símleiðis og í gegnum netið. En það er líka áskorun að taka á móti fólki sem hingað kemur með grímu fyrir vitum. Við notum ekki bara tungumálið til að tjá okkur og það er erfiðara að ræða við fólk þegar við sjáum ekki framan í það," segir Vilborg. „Í þessum faraldri sjáum við hvar brotalamirnar eru í velferðarkerfinu okkar. Fólkið sem til okkar leitar er margt búið að bíða lengi eftir atvinnuleysisbótum eða öðrum samfélagslegum úrræðum. Það sem mér þykir hins vegar alveg frábært að verða vitni að er ótrúleg aðlögunarhæfni fólks í þessum aðstæðum, þolinmæði og þrautseigja þess. Hvernig fólk, og ekki bara það sem hingað leitar heldur almennt, tekst á við nýjar áskoranir daglega. Ég tek hattinn ofan fyrir okkur með það."

Stattu með sjálfri þér
– virkni til farsældar

Í ágúst síðastliðnum hóf göngu sína verkefnið Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar. Verkefnið er ætlað konum sem búa við örorku og eru með börn á framfæri. Þetta er í þriðja skiptið sem Hjálparstarf kirkjunnar fer af stað með verkefnið í þessari mynd og samanstendur hópurinn af 20 konum. Markmiðið er að koma í veg fyrir félagslega einangrun og að þátttakendur bæti sjálfsmynd, öðlist aukna trú á eigin getu og eflist í foreldrahlutverkinu.



Júlía Margrét Rúnarsdóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar, hefur umsjón með verkefninu Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar

Konurnar hittast einu sinni í viku yfir vetrartímann undir handleiðslu félagsráðgjafa. Við fáum til okkar fagaðila sem halda fræðsluerindi af ýmsu tagi og má þar nefna erindi um foreldrahlutverkið, áhrif áfalla, fjármálalæsi, streituvalda og streituviðbrögð, núvitund og sjálfstyrkingu. Við viljum svara þörfum kvennanna og þær taka þátt í að móta verkefnið og koma með hugmyndir um fræðsluerindi sem gagnast þeim. í þann tíma sem verkefnið varir fylgir félagsráðgjafi konunum eftir, veitir rágjöf í einstaklingsviðtölum og stuðning svo sem með því að fylgja viðkomandi á fundi sé þess óskað. Í einstaklingsviðtölunum er unnið að markmiðum og horft er til áhugasviðs hverrar konu. Þegar hafist var handa í sumar við að hringja í mögulega þátttakendur í verkefninu lýstu konurnar miklum áhuga og í samtölum kom skýrt fram að margar þeirra vildu komast út úr félagslegri einangrun og verða virkari.

Ákveðin áskorun hefur fylgt því að fara af stað með verkefni af þessum toga nú á tímum kórónuveirufaraldurs. Hertar sóttvarnarreglur og fjöldatakmarkanir hafa sett strik í reikninginn en í ljósi markmiða verkefnisins fannst okkur mikilvægt að leita allra leiða til þess að halda verkefninu gangandi. Í eina skiptið sem sóttvarnarreglur komu í veg fyrir að hópurinn gæti hist lýstu nokkrir þátttakendur því hvernig þeim þótti eitthvað vanta í rútínuna og var árangur verkefnisins því fljótt sýnilegur. Innan hópsins hafa myndast tengsl og reynsla kvennanna hefur skilað sér til hópsins í frábærum umræðum og aukinni þekkingu.

Júlía Margrét Rúnarsdóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar

HS VEITUR
Hvalur hf.
init
inter.
.is
Íslandsbanki
1916 100 2016
Jóhann Ólafsson & Co
kemi www.kemi.is
KFC
KJÓSARHREPPUR
LANDSLÖG LÖGFRÆÐISTOFA

Jólaaðstoð 2020

Í desember aðstoða Hjálparstarf kirkjunnar og samstarfsaðilar fólk sem býr við fátækt svo það geti gert sér dagamun yfir hátíðirnar. Stuðningurinn tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta í matvöruverslunum sem verða gefin út eigi síðar en 18. desember. Foreldrum sem búa við kröpp kjör býðst auk þess jólafatnaður og jólagjafir fyrir börnin.

MUNUM GRÍMUSKYLDU SÓTTVARNARYFIRVALDA!

Tekið er á móti umsóknum frá barnafjölskyldum í Reykjavík á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, neðri hæð, **1., 2., 3. og 4. desember kl. 11–15.** Umsækjendur eru beðnir um að mæta með gögn sem sýna tekjur og útgjöld síðasta mánaðar.

Athugið að einnig er hægt að sækja um aðstoð á heimasíðu Hjálparstarfs kirkjunnar www.hjalparstarfkirkjunnar.is.

Þar sem Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar aðeins barnafjölskyldur í Reykjavík og nágrenni er fullorðnum einstaklingum sem ekki hafa börn á framfæri bent á að hægt er að leita til Hjálpræðishersins í Reykjavík og Mæðrastyrksnefnda á svæðinu um aðstoð.

Á Suðurnesjum verður tekið á móti umsóknum í Keflavíkurkirkju 1., 3. og 8. desember klukkan 9–11 og í Ytri-Njarðvíkurkirkju 2., 3., og 9. desember klukkan 9–11.

Í Árnessýslu hefur Hjálparstarf kirkjunnar samstarf um jólaaðstoð við Rauða krossinn, félagsþjónustuna, kvenfélög og presta. Tekið er á móti umsóknum 7. desember klukkan 9–12 og 8. desember klukkan 15–18 á Eyravegi 23, Selfossi.

Á Eyjafjarðarsvæðinu hafa Hjálparstarf kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd, Rauði krossinn og Hjálpræðisherinn á Akureyri með sér samstarf um aðstoð. Umsóknarfrestur er liðinn.

Annars staðar á landinu taka prestar í heimasókn við umsóknum um aðstoð frá einstaklingum jafnt sem fjölskyldufólki til og með 8. desember.

Hjálparstarf kirkjunnar, www.hjalparstarfkirkjunnar.is, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400.

Material assistance for low income families in December

In cooperation with other charities, Icelandic Church Aid assists low income families before Christmas. Support is provided with debit cards in grocery stores issued at the latest on December 18. Parents in need are also provided with clothing and presents for their children.

PLEASE REMEMBER THAT WE ALL HAVE TO WEAR A MASK TO PREVENT THE SPREAD OF COVID-19!

Families with children, living in Reykjavík, may apply at the Icelandic Church Aid Office at Háaleitisbraut 66, lower floor. **Application days: December 1, 2, 3. and 4 between 11 AM and 3 PM.** Please remember to bring income and expenses documents (mortgage payments, rent, nursery school, heat, electricity, etc).

Low income families may also apply online at www.help.is.

We refer individuals in the Capital area to the Salvation Army and “Mæðrastyrksnefnd” (Aid for mothers).

In Reykjanesbær, individuals and families alike may apply at the Keflavikurkirkja church on December 1, 3, and 8, between 9 and 11 AM and at Ytri-Njarðvíkurkirkja on December 2, 3, og 9, between 9–11 AM.

In Selfoss, families and individuals may apply on December 7 between 9–12 AM and on December 8 between 3 and 6 PM at Eyravegur 23, Selfoss.

In Akureyri and vicinity the application deadline has passed.

In other parts of the country families and individuals may contact the pastor of the local parish. Application deadline is December 8.

Icelandic Church Aid, www.help.is, Háaleitsbraut 66, 103 Reykjavík, tel. 528 4400

Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

Starfskonur Skjólsins – Opins húss fyrir konur þær Rósa Björg Brynjarsdóttir, Fjóla Halldórsdóttir og Magnea Sverrisdóttir undirbúa þjónustuna, meðal annars með því að gera húsnæðið tilbúið til notalegra samverustunda.

Hjálparstarf kirkjunnar eykur þjónustu sína við konur sem eru heimilislausar og opnar Skjólið *– Opið hús fyrir konur*

Skjólið – Opið hús fyrir konur verður opnað á neðri hæð Grensáskirkju að Háaleitisbraut 66 í Reykjavík í janúar næstkomandi. Skjólið sem verður opið frá kl. 11–15 er þjónusta við konur sem eru heimilislausar en von okkar er sú að þar upplifi konurnar stöðugleika og öryggi. Við munum leitast við að byggja upp jákvæða reynslu í samvinnu við konurnar og fagaðila.

Skjólið er opið hús fyrir konur sem eru heimilislausar, búa við óöruggar aðstæður eða eru nýkomnar í búsetuúrræði eftir heimilisleysi. Þegar talað er um heimilisleysi er átt við einstaklinga sem glíma við flókinn vanda og búa við óstöðugleika í búsetu til lengri eða skemmri tíma og þarfnast sérhæfðs lágþröskulda þjónustu- og búsetuúrræða.

Á árunum 2012 til 2017 tvöfaldaðist fjöldi heimilislausra en árið 2017 voru 349 einstaklingar skráðir heimilislausir. Konur sem eru heimilislausar geta fengið skjól í gistiskýlinu Konukoti sem opnar klukkan fimm á daginn og lokar klukkan 10 á morgnana en þangað leituðu 112 konur árið 2019, þar af 48 í fyrsta skipti. Á daginn geta konur sem eru heimilislausar farið á kaffistofu Samhjálpar sem er opin fátæku fólki sem býr við erfiðar félagslegar aðstæður til að fá sér að borða og þær sem búa við geðraskanir geta farið í Vin, fræðslu og batasetur.

Í mars 2018 voru tillögur Velferðarvaktarinnar um bættar aðstæður heimilislausra samþykktar. Kallað var eftir því að koma á fót dagdvöl fyrir heimilislausa og var talið rétt að frjáls félagasamtök kæmu að málum en biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir lagði til í lok árs 2019 að kirkjan kæmi á fót slíku úrræði. Starfshópur kannaði möguleikana og úr varð að Hjálparstarf kirkjunnar mun auka þjónustu sína við konur sem eru heimilislausar og opna Skjólið – opið hús fyrir konur. Konurnar hafa margar hverjar sótt þjónustu Hjálparstarfs kirkjunnar og eru því ekki ókunnar hverfinu.

Í Skjólinu verður unnið eftir skaðaminnkandi hugmyndafræði en hún vísar til inngripa sem notuð eru til að lágmarka neikvæð félagsleg og líkamleg áhrif löglegrar og ólöglegrar mannlegrar hegðunar en flestar kvennanna glíma við vímuefna- og/eða geðrænan vanda. Konunum er mætt á þeim stað sem þær eru hverju sinni. Markmiðið er að fyrirbyggja skaðann sem getur hlotist af vímuefnanotkun fremur en að koma í veg fyrir notkunina sjálfa en oft eru skilyrði fyrir þjónustu að einstaklingar séu ekki undir áhrifum vímuefna. Skaðaminnkandi hugmyndafræði gerir ekki lítið úr eða hundsar raunverulega skaðann sem fylgir vímuefnanotkun en grunngildi hennar eru viðurkenning, skilningur, vellíðan kvennanna, valdefling og fordómaleysi. Notendasamráð er mikilvægt og starf Skjólsins verður mótað og þróað með konunum.

Boðið verður upp á léttan hádegismat í Skjólinu, konurnar hafa aðgang að hreinlætisaðstöðu þar sem þær geta farið í sturtu auk þess sem þær geta þvegið af sér. Í Skjólinu er hvíldarherbergi og viðtalsherbergi sem mun verða nýtt til að færa þjónustu fagaðila nær þeim. Einnig verður tómstundaherbergi þar sem þær geta skapað það sem þeim dettur í hug hvort sem það er að sauma, mála eða búa til skartgripi svo dæmi séu nefnd.

Heimilisleysi í sjálfu sér er áfall og mætum við því hverri konu út frá því að hún eigi sér áfallasögu. Auðvelt getur verið að koma auga á stóru áföllin í lífi einstaklings en það eru oft litlu áföllin sem safnast saman sem orsaka truflun á getu einstaklingsins. Konurnar hafa margar hverjar ekki félagslegan stuðning, aðgang að úrræðum eða hafa fengið óheilbrigð viðbrögð frá fjölskyldu og samfélaginu. Sjálfsmeðhöndlun með vímuefnum er því oft þeirra bjargráð til að lifa af. Skjólið er púsl sem vantaði í heildstæða þjónustu við konur sem eru heimilislausar.

Rósa Björg Brynjarsdóttir,
verkefnisstýra Skjólsins
– Opins húss fyrir konur

LA LAUNAFL
LímtréVírnet
Linde Making our world more productive
LINDIN FJÖLMIÐLUN ÚTIVARP
Loður
LYSI
MÁLNINGARVÖRUR ehf.
MARKUS LIFENET
MARPORT
míla lífæð samskipta
MÚLALUNDUR

Vilt þú vera Hjálparliði?

Hjálparliðar eru öflugur hópur hjartahlýrra einstaklinga sem styrkja starf okkar með mánaðarlegri upphæð að eigin vali. Með þeirra hjálp getum við sinnt brýnu hjálparstarfi innanlands og utan.

Með stuðningi Hjálparliða ...

- fá **fjölskyldur** sem búa við sárafátækt **inneignarkort** í verslunum og úthlutuð föt
- geta börn **efnaminni** foreldra **stundað íþróttir** og tómstundastarf
- **rjúfum** við einangrun kvenna sem búa við **fátækt á Íslandi**
- geta **ungmenni** í Úganda fengið **starfsmenntun**
- **fær fólk** á þurrkasvæðum í Eþíópíu **aðgengi að vatni**
- veitum við **mannúðaraðstoð** á vettvangi náttúruhamfara og **vegna stríðsátaka**

Skráðu þig á hjalparstarfkirkjunnar.is eða hringdu í síma 528 4400 til að leggja þitt af mörkum og slást í hópinn.

Við störfum með þínum stuðningi

Takk fyrir dýrmæta hjálp!

1970 • 2020
Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

COVID-19 kallar á tafarlausar aðgerðir

Í skýrslu Alþjóðabankans um fátækt og farsæld fyrir árið 2020 segir að stríðsátök, loftslagsbreytingar og COVID-19 geti leitt til þess að 150 milljónir manna bætist í hóp sárafátækra fyrir lok ársins 2021. Bankinn segir að til þess að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um útrýmingu fátæktar fyrir árið 2030 náist þurfi ríki heims að grípa til skjótra og umfangsmikilla aðgerða.

Nánar um greiningu bankans má lesa á **https://www.worldbank.org/en/publication/poverty-and-shared-prosperity**.

Hjálparstarf kirkjunnar heldur áfram mannúðaraðstoð á vettvangi náttúruhamfara og vegna átaka í samvinnu við systurstofnanir í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance.

Starfið hefur verið aðlagað að aðstæðum og tekur mið af sóttvarnarreglum á vettvangi. Hvarvetna hefur starfsfólk tekið þátt í aðgerðum til að hefta útbreiðslu COVID-19.

Á starfsárinu 2019–2020 sendi Hjálparstarf kirkjunnar 39 milljónir króna til mannúðaraðstoðar í Malaví, Jórdaníu, Sýrlandi og Írak en það eru stjórnvöld og almenningur á Íslandi sem standa að baki framlögunum.

Hjálparstarfið heldur áfram þróunarsamvinnuverkefnum í Eþíópíu og Úganda þar sem unnið er með fólkinu sem býr við sárustu fátæktina. Aðferðin er að hjálpa þannig að fólkið komist á þann stað að geta tekið við keflinu og hjálpað sér sjálft.

Hjálparstarfið getur sinnt mikilvægu mannúðar- og hjálparstarfi vegna frábærs stuðnings samfélagsins við starfið. Nú leitar Hjálparstarf kirkjunnar til almennings á ný og biður fólk að greiða valgreiðslu í heimabanka fyrir jólin.

Við komumst í gegnum erfiða tíma með því að hjálpast að!

Þessi litla stúlka og fjölskylda hennar hafast að í flóttamannabúðum fyrir Sýrlendinga í Jórdaníu og njóta þar aðstoðar Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance.

Meginmarkmið með verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar á þurrkasvæðum í Sómalífylki í Eþíópíu er að tryggja aðgengi að drykkjarhæfu vatni og hreinlætisaðstöðu, að fólkið geti aukið fæðuöryggi sitt og að styrkja stöðu kvenna á svæðinu.

Þurrkar, flóð, engisprettufaraldur, COVID-19, pólitískur óróleiki og átök í Eþíópíu

Árið 2020 hefur reynst fólkinu í Eþíópíu erfitt. Versti engisprettufaraldur í 25 ár hefur eyðilagt uppskeru og aukið á fæðuóöryggi í landinu, verstu flóð i manna minnum hafa farið yfir hluta landsins í kjölfar þurrka, forsætisráðherra lýsti yfir neyðarástandi í apríl vegna kórónuveirufaraldursins og pólitískur óróí hefur ríkt víðs vegar um landið. Nú í lok nóvember hafa átök milli stjórnarhersins og Frelsishreyfingar Tigray í samnefndu héraði í norðanverðu landinu stigmagnast svo mjög að tugþúsundir íbúa hafa flúið yfir til nágrannaríkjanna Súdans og Sómalíu og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna varar við því að neyðarástand sé að skapast vegna átakanna.

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er í Sómalífylki í austanverðri Eþíópíu. Landrof og eyðimerkurmyndun einkenna svæðið og er það rakið til öfga í veðri sem verða æ meiri. Meðal meginmarkmiða verkefnisins er að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni og hreinlætisaðstöðu og að fólkið geti aukið fæðuöryggi sitt með umhverfisvernd og bættum aðferðum í landbúnaði. Brunnar eru grafnir og þar sem það er ekki mögulegt eru grafnar vatnsþrær fyrir regnvatn.

Konur á svæðinu hafa tekið þátt í sparnaðar- og lánahópum og fengið fræðslu um hvernig best sé farið af stað með eigin rekstur. Eftir fræðslu og þjálfun hafa margar kvennanna hafið rekstur og reka litla búð, stunda geita- og hænsnarækt og rækta grænmeti. Konur sem hafa tekið þátt í verkefninu tala um að þær hafi fjárráð og ákvörðunarvald en það var nær óþekkt að konur hefðu slíkt á verkefnasvæðunum áður en samvinnan hófst.

Hjálparstarf Lútherska heimsambandsins í Eþíópíu sér um framkvæmd verkefnisins sem nær til um 3.000 fjölskyldna í héraðinu Kebri Beyah. Heimsfaraldurinn af völdum COVID-19 hefur hamlað framgangi verkefnisins að því leytinu til að ekki hefur verið hægt að halda námskeið og framkvæma verkþætti sem kröfðust samveru fólks en efnisleg aðstoð hefur verið veitt samkvæmt áætlun.

NEYTENDASTOFA
ORKA NÁTTÚRUNNAR
regla BÓKHALDSKERFI
REYKJAFELL
RÚMFATA LAGERINN HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
sæplast

Fjölskyldurnar sem Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar búa við sára fátækt af völdum HIV/ alnæmis. Oft er það svo að aldraðar ömmur hugsa um börnin eftir andlát foreldra úr sjúkdómnum.

Aukin fátækt og kynbundið ofbeldi í heimsfaraldri

Í sveitahéruðum í Rakai- og Lyantonde-umdæmum í Úganda vinnur Hjálparstarf kirkjunnar með staðbundnu hjálparsamtökunum RACOBAO að því að bæta lífsskilyrði munaðarlausra barna og fólks með HIV/alnæmi sem búa við örbirgð og eru útsett fyrir misnotkun og félagslegri útilokun. Markmiðið með starfinu er að veita þeim bjargráð svo þau geti aukið þolgæði sitt gagnvart sjúkdómnum og neikvæðum afleiðingum hans.

Covid-19 hefur haft neikvæð áhrif á fólk í Úganda eins og annars staðar en þar komu fyrstu tilfellin upp í mars síðastliðnum. Takmarkanir vegna faraldursins hafa haft slæm áhrif á afkomu bænda sem lifa af sölu landbúnaðarafurða þar sem mörkuðum var lokað og bannað var að flytja fólk, dýr og afurðir milli svæða. Fátækt hefur aukist á verkefnasvæðinu vegna heimsfaraldursins sem og kynbundið ofbeldi og vanræksla barna.

Faraldurinn hefur gert það að verkum að hægt hefur á sumum þáttum í verkefni Hjálparstarfsins. Á tímabili var skrifstofu RACOBAO lokað og starfsfólk sent heim. Í maí síðastliðnum var takmörkunum létt að hluta og verkefnið fór þá aftur í gang eins og hægt var. Þrátt fyrir faraldurinn og samkomutakmarkanir hefur RACOBAO þó tekist að framkvæma flesta verkþætti sem skipulagðir hafa verið fyrir árið.

Á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 hafa hús með kamri og hreinlætisaðstöðu, 4.000 lítra vatnssöfnunartanki og eldaskála verið reist fyrir fjórar fjölskyldur. Fræðslufundir um hreinlæti og smitleiðir sjúkdóma hafa verið haldnir fyrir 240 þáttakendur, sparnaðar- og lánahópar hafa verið stofnaðir og fólkið hefur fengið geitur, fræ, áburð og áhöld til að byrja ræktun grænmetis til þess að tryggja næga og næringarríka fæðu. Þá hafa sjálfboðaliðar fengið fræðslu um smitleiðir, varnir og meðhöndlun HIV/ alnæmis og fræðslu um leiðir til að hindra útbreiðslu COVID-19 í samvinnu við staðaryfirvöld.

Krakkarnir í Kampala fá áfram stuðning

Verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í samstarfi við Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins (LWF) í Úganda og Ugandan Youth Development Link (UYDEL) með ungu fólki í fátækrahverfum í Rubage, Nakawa og Makindyehverfum Kampala heldur áfram þrátt fyrir heimsfaraldur.

Markhópurinn er ungt fólk á aldrinum 13-24 ára en markmiðið er að unglingarnir fái aðgang að þjálfun sem gefur þeim möguleika til að fá störf og geti betur nýtt sér tækifæri til að koma undir sig fótunum. Einnig að ungmennin séu meðvitaðri um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

Þrátt fyrir áskoranir í heimsfaraldri, og í góðu samstarfi við yfirvöld og stundum með undanþágum, hefur tekist að halda verkmenntasmiðjum UYDEL í fátæktarhverfunum opnum að einhverju leyti og því hafa krakkarnir í Kampala áfram fengið stuðning og fræðslu.

Strákarnir velja flestir að læra að gera við síma og tölvur. Eftir ársnám í smiðju UYDEL geta þeir svo opnað viðgerðarbás í hverfinu sínu og aflað sér tekna til lífsviðurværis.

nettó
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
SJÓMANNAFÉLAG ÍSLANDS
SJÓVÁ
SS Gólf ehf. EPOXY GÓLFEFNI Sími 6178830

Frábær stuðningur prjónahópa við barnafjölskyldur!

Fulltrúar Lionsklúbbsins Engeyjar og prjónahópsins Korpúlfu komu til okkar í vikunni sem leið með fallegt prjónles: Peysur, húfur, vettlinga, sokka, teppi og heimferðarföt fyrir nýfædd börn. Flíkurnar eiga heldur betur eftir að koma sér vel fyrir lítil kríli í vetur.

Hjálparstarf kirkjunnar þakkar prjónahópum sem koma með flíkur til okkar kærlega fyrir frábæran stuðning við starfið!

Trú- og lífsskoðunarfélög hvött til aðgerða í þágu jarðar

Á alheimsráðstefnu í byrjun október síðastliðnum voru trú- og lífsskoðunarfélög um heim allan hvött til að grípa til aðgerða svo heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna náist fyrir árið 2030.

Alheimsráðstefnunni Trú fyrir jörðina – Fjöltrúarlegar aðgerðir (Faith for Nature – Multi-Faith Action) var streymt frá Skálholti 5.–8. október. Ráðstefnan hafði það að markmiði að sameina og hvetja ólíkar trúarstofnanir og lífsskoðunarfélög um heim allan til að grípa til aðgerða sem tryggt geta heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna framgang. Að ráðstefnunni stóðu ríkisstjórn Íslands, UNEP Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna, Þjóðkirkjan, Landvernd og fleiri aðilar.

Flutt voru erindi frá hátt settum trúarleiðtogum frá öllum helstu trúarbrögðum úr öllum byggðum heimsálfum. Þúsundir manna fylgdust með á netinu þegar boðskapur jarðarinnar var fluttur með hjálp tækninnar úr Skálholtskirkju.

Áhersla ráðstefnunnar var ekki einungis að fá til samtals trúarleiðtoga heldur að kalla öll trúarbrögð heims til aðgerða til góðs á þeirri einu jörð sem við öll köllum heimili okkar. Helmingur menntunnar á heimsvísu er á vegum trúarstofnana og það er því mjög mikið í húfi að öll heimsins trúarbrögð leggist á eitt og stuðli að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Þriðjungur fjárfesta í heiminum er tengdur trúfélögum og eða trúarbrögðum á einn eða annan hátt, græn hugsun á ekki bara að vera í orði heldur líka í veski og verki. Það voru ekki bara haldin erindi háttsettra einstaklinga heldur voru líka umræðunethópar á fimm tímabeltum, trúarleiðtogar, fræðimenn og vísindamenn, á fimmta hundrað, sem ræddu fortíð, nútíð og framtíð trúar og náttúru.

Það hefur orðið mikil breyting síðustu ár á afstöðu alþjóðasamfélagsins í garð trúfélaga og trúartengdra stofnana. Það einstæða tengslanet og mannauður sem trúarbrögð búa yfir hafa ekki bara sýnt sig að séu mikilvæg þegar kemur að neyðar- þróunaraðstoð heldur líka þegar kemur að viðhorfi almennings gagnvart umhverfismálum.

„Græni þráðurinn" í umræðum og erindum á ráðstefnunni var sá hinn sami. Trúarbrögð heims vilja láta sig umhverfismál og velferð jarðarinnar varða. Þessi ráðstefna var bara fyrsta skrefið í að mögulega stuðla að sameiginlegu átaki á vegum Sameinuðu þjóðanna, þar sem trúarbrögð heims með stuðningi stjórnvalda snúi bökum saman og styðji hvert annað í að ná fram heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna vonandi á sem flestum sviðum.

Yfirlýsingu ráðstefnunnar og erindin er að finna á heimasíðunni:
https://faithfornature.org/

Magnea Sverrisdóttir,
djákni og verkefnastjóri á biskupsstofu

Faith For Nature

Vistvænar jólaskreytingar

Kirkjugarðarnir leggja áherslu á að jólaskreytingar á leiðum séu alfarið gerðar úr lífrænum efnum.

Eftir áramót er slíkum skreytingum fargað með vistvænum hætti í jarðgerð Kirkjugarðanna.

Sjá nánar á www.kirkjugardar.is

Starfsfólk
Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma

Þökkum stuðninginn!

REYKJAVÍK
A. Margeirsson ehf.
ADVEL lögmenn slf.
Aðalverkstæðið ehf.
Alvarr ehf.
Alþjóðasetur ehf.
Arctica Finance hf.
Arev verðbréfafyrirtæki hf.
ARGOS ehf. - Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkitektastofan OG ehf.
Atli Hilmarsson ehf.
Atvinnueign ehf.
Augnablikk ehf.
Aurum
Á.K. Sjúkraþjálfun ehf.
Áman ehf.
Ásbjörn Ólafsson ehf.
B. Ingvarsson ehf.
Bakarameistarinn ehf.
Berserkir ehf.
Betra líf ehf.
BG pípulagnir ehf.
BGI málarar ehf.
Bifreiðaverkstæði Svans ehf.
Birtingur ehf.
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílasalan Heimsbílar ehf.
Bílasmiðurinn hf.
Bjarnar ehf.
Blaðamannafélag Íslands
Bláhornið
Blómabúðin Hlíðablóm
Borgarpylsur
Bókhald og skattskil slf.
Bókhaldsstofa Haraldar slf.
Bókhaldsþjónusta Júlíönu ehf.
Bólstrarinn ehf.
Brauðhúsið ehf.
Breiðan ehf.
Brunahönnun slf.
Brúnás innréttingar
Brynja, hússjóður Öryrkjabandalagsins
BSI bifreiðaverkstæði ehf.
BSRB
CU2 ehf.
Curvy.is – tískuverslun
D&C ehf.
Danfoss hf.
Dokkan, þekkingar- og tengslanet
D-Tech ehf.
Eðalbílar ehf.
Eðalflutningar ehf.
Eðalklæði ehf.
Eignaumsjón hf.
Endurskoðun og reikningshald ehf.
Endurskoðun VSK ehf.
Engo verkefni ehf.
Ernst & Young ehf.
Fagmálun – Litaval sf.
Faxaflóahafnir sf.
Fiskmarkaðurinn ehf.
Fjárhald ehf.
Fjárstoð ehf.
Flügger ehf.
Forum lögmenn ehf.
Fossberg ehf.
Fótaaðgerðastofan frískir fætur
Fótóval ehf.
Framvegis-miðstöð símenntunar
Freska Seafood ehf.
Fylkir ehf.
G.Á. verktakar sf.
Gallerý Fiskur
Garðs Apótek
Gatnaþjónustan ehf.
GB Tjónaviðgerðir ehf.
Gjögur hf.
Globus hf.
Gróðrarstöðin Mörk
Grænn markaður ehf.
H. Gestsson ehf.
Hagkaup
Hagvangur ehf.
Halldór Jónsson ehf.
Hamborgarabúlla Tómasar
Harðkornadekk ehf.
Hárgreiðslustofa Hrafnhildar ehf.
Hármiðstöðin
Háskólinn í Reykjavík
Heimkynni ehf.
Hekla hf.
Henson sports
Hið íslenska bókmenntafélag
Hitastýring hf.
Hjá GuðjónÓ ehf.
Hjá Ingvarsson ehf.
Hjúkrunarheimilið Eir
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hreinsitækni ehf.
Húsaklæðning ehf.
Húsalagnir ehf.
Hússtjórnarskóli Reykjavíkur
Hverafold bakarí
Hverfisgallerí
Höfðahöllin bílasala
Höfðakaffi ehf.
Icepack ehf.
Innlifun ehf.
Innréttingar og tæki
Island Apartments
Íslensk endurskoðun ehf.
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.
Ísmar ehf.
Íþróttasamband fatlaðra
JE Skjanni ehf, byggingaverktakar
JHM Sport ehf.
Jónar Transport hf.
K.F.O. ehf.
Keldan ehf.
Kjöreign ehf., fasteignasala
Kjörgarður ehf.
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf.
Kolibri ehf.
KOM almannatengsl
Kone ehf.
Kólus ehf.
Krónan verslanir
Kvika banki hf.
Lagahvoll slf.
Landsnet hf.
Landssamband lögreglumanna
Láshúsið ehf.
Leigulistinn ehf.
Litróf ehf.
LOG lögmannsstofa sf.
LOGOS lögmannsþjónusta
Lyfjaver ehf.
Lyfsalinn ehf.
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf.
Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl.
Lögmannafélag Íslands
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Markó partners ehf.
Málmtækni hf.
Meba - úr og skart
Merkistofan
Merlo Seafood
MFM Miðstöðin ehf.
Millimetri sf.
Móðurást
MS Armann skipamiðlun ehf.
Multivac ehf.
Múrarameistarafélag Reykjavíkur
Nings ehf.
Nostra ræstingar ehf.
Nói-Síríus hf.
Olíudreifing ehf.
Olíuverzlun Íslands hf.
Orka ehf.
Ormsson
Ottó B. Arnar ehf.
Ó. Johnson & Kaaber ehf.
Ósal ehf.
Óskaskrín ehf.
ÓV jarðvegur ehf.
photostours.is
Pizza King ehf.
Pípulagnaþjónusta Reykjavík ehf.
Pjakkur ehf.
PK dM Arkitektar ehf.
Plast - miðar og tæki ehf.
Plastco ehf.
Promennt ehf.
Rafeindastofan ehf.
Raflax ehf.
Rafsvið sf.
RAMIS ehf.
Rannsókna- og háskólanet Íslands
Ráðgarður, skiparáðgjöf ehf.
Reiðhjólaverzlunin Berlín
Reki ehf.
Reykjavíkurborg
Reyktal þjónusta ehf.
Rikki Chan ehf.
Rima Apótek
Rýni endurskoðun ehf.
Sailun hjólbarðar
Samiðn samband iðnfélaga
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja – SSF
Sendibílar Reykjavíkur ehf.
SHV pípulagningaþjónusta ehf.
Sifka ehf.
Sigurjónsson & Thor ehf.
Síma- og tölvulagnir hf.
Sjúkraþjálfunin Artúnshöfða
Skipaþjónusta Íslands ehf.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
Skorri ehf.
Skóarinn í Kringlunni ehf.
SM kvótaþing ehf.
Snyrtistofa Grafarvogs ehf.
Stansverk ehf.
Stálbyggingar ehf.
Stjá, sjúkraþjálfun
Suzuki á Íslandi
Systrasamlagið ehf.
Tannálfur, tannlæknastofa
Tannlæknastofa Barkar Thoroddsen
Tannlæknastofa Jóns Viðars ehf.
Tannlæknastofa Sigurðar Benediktssonar
Tannsmiðjan Króna sf.
Tannval Kristínar Gígju
Terra Export ehf.
THG Arkitektar ehf.
Tónastöðin ehf.
Tónlistarskólinn í Grafarvogi ehf.
Trackwell hf.
Trésmiðja GKS ehf.
Trivium ráðgjöf ehf.
Túnþökuþjónustan ehf.
Tækniskólinn
Tölvar ehf.
Tösku- og hanskabúðin ehf.
Umbúðamiðlun ehf.
Umslag ehf.
Úðafoss ehf., efnalaug
Útfararstofa Svafars og Hermanns ehf.
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.
VA arkitektar ehf.
Vagnasmiðjan ehf.
Varmi ehf.
VDO ehf.
Veðurstofa Íslands
Veitingahúsið Nings
Vera by Íris - veradesign.is
Verkfærasalan ehf.
Verslunartækni ehf.
Verslunin Álfheimar
Vesturröst
Vélar og verkfæri ehf.
Vélvík ehf.
Við og Við sf.
Vilhjálmsson sf, heildverslun
Vinnufatabúðin
Virkjun ehf.
Vínnes ehf.
VOOT Beita
VSÓ Ráðgjöf ehf.
Vörður Tryggingar
Vörukaup ehf., heildverslun
Wurth á Íslandi ehf.
XCO ehf.
Z - brautir og gluggatjöld
Þorsteinn Bergmann ehf.
Þór hf.
Þráinn skóari ehf.
Ögurverk ehf.

SELTJARNARNES
Borgarblöð ehf.
Horn í horn ehf., parketlagnir
Önn ehf., verkfræðistofa

KÓPAVOGUR
ALARK arkitektar ehf.
Alhliða pípulagnir sf.
Arnardalur sf.
Ásborg slf.
Bak Höfn ehf.
Bifreiðastillingin ehf.
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf.
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf.
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf.
Bílaþvottastöðin Lindin ehf.
Bílhúsið ehf.
Bjartur rafverktaki ehf.
Blikksmiðjan Vík ehf.
Bólstrun Ásgríms Þ. Ásgrímssonar ehf.
Byggðaþjónustan bókhald og ráðgjöf
dk hugbúnaður ehf.
Elva Björk Sigurðardóttir, tannlæknir
Fagtækni ehf.
GG Sport
Glermenn ehf.
goddi.is
GSG ehf.
Guðjón Gíslason, dúklagningameistari
Hagblikk ehf.
Hegas ehf.
Hitatækni ehf.
Hvammshólar ehf
Hvellur - G. Tómasson ehf.
Hvísl ehf.
Iclean ehf.
Ison ehf.
Íslandslyftur ehf.
JS ljósasmiðjan Sláttuvélamarkaðurinn
Kambur ehf.
Karl K. Karlsson - Bakkus ehf.
Kópavogsbær
Krafla ehf.
Lakkskemman ehf.
Lind fasteignasala ehf.
Lindakirkja
Lín design
Línan ehf
LK pípulagnir ehf.
Loft og raftæki ehf.
Lokasjóður ehf.
Lögmenn Kópavogi
Mannrækt og menntun ehf.
Málarameistarar ehf.
N1 hf
Nobex ehf.
Ólafssynir ehf.
Pólýhúðun ehf.
Pústverkstæði Hjá Einari
Rafbreidd ehf., heimilistækjaviðgerðir
Rafmiðlun hf.
Rafport ehf.
Rafsetning ehf.
Rafspenna ehf.
Rafvirkni ehf.
Reiðhjólaverslunin Hjólið ehf.
Rennsli ehf., pípulagnir
Rubix Ísland ehf.
Scandinavian Tank Storage hf.
Smáréttingar ehf.
Sport Company ehf.
Sportvörur
Straumleiðir ehf.
Tannsmíðamiðstöðin sf.
Tengi ehf.
Tröllalagnir ehf., pípulagningaþjónusta
Vatnsborun ehf.
Vetrarsól ehf., verslun
Zenus - sófar & gluggatjöld
ZO-ON International ehf.

GARÐABÆR
66° Norður
AKS viðskipti ehf.
Apótek Garðabæjar
Aþ-Þrif ehf.
Dýraspítalinn Garðabæ
Efnalaug og fatahreinsun Garðabæ
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf.
Fagval ehf.
Fjallatindar ehf.
Friðrik A Jónsson ehf.
Garðabær
Geislatækni ehf.
Laser þjónustan
Góa-Linda sælgætisgerð ehf.
Hafnasandur hf.
Hagráð ehf.
Hannes Arnórsson ehf.
Hjallastefnan ehf.
Kerfóðrun ehf.
Krókur
Loftorka Reykjavík ehf.
Pípulagnaverktakar ehf.
Úranus ehf.
Val - Ás ehf.
Versus bílaréttingar og málun
Öryggisgirðingar ehf.

HAFNARFJÖRÐUR
Aflhlutir ehf.
Ás, fasteignasala ehf.
Barak.is
Barkasuða Guðmundar ehf.
Bergplast ehf.
Bílaverk ehf. bílamálun og réttingar
Bjössi ehf.
Bortækni ehf.
Bókhaldsstofan ehf.
Dverghamrar ehf.
Eldvarnaþjónustan ehf.
Fjarðargarðar ehf.
Fjarðargrjót ehf.
Flúrlampar ehf.
G.S. múrverk ehf.
Hafnarfjarðarbær
Hafnarfjarðarhöfn
Hagmálun slf.
Hagstál ehf.
Heimir og Jens ehf.
Hlaðbær-Colas hf., malbikunarstöð
Íslenskir endurskoðendur/ráðgjöf ehf.
Kona Tískuverslun
Krossborg ehf.
Lögafl - lögmannsstofa
Músík og sport ehf.
Pústþjónusta BJB ehf.
RB rúm
S.G múrverk ehf.
SIGN ehf., skartgripaverkstæði
SJ Tréverk ehf.
Snittvélin ehf.
Stoðtækni ehf.
Strendingur ehf.
Sæblik ehf - Holtanesti
Sætækni ehf.
Tannlæknastofa Jóns Más ehf.
Terra - efnaeyðing
ThorShip
Úthafsskip ehf.
Útvík hf.
Vír og lykkjur ehf.
Vörubretti ehf
Þaktak ehf.
Þvottahúsið Faghreinsun

ÁLFTANES
Prentmiðlun ehf.

REYKJANESBÆR
Bergnet ehf.
DMM Lausnir ehf.
EÖ Raf ehf.
Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Maron ehf.
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Nesraf ehf.
Plexigler ehf.
Rafkompaní slf.
Reiknistofa fiskmarkaða hf.
Reykjanesbær
Rétt sprautun ehf.
Rörlagningamaðurinn ehf.
Rörvirki sf., Lúðvík Gunnarsson
Skartsmiðjan
Skólamatur ehf.
Skólar ehf.
Slæging ehf.
Starfsmannafélag Suðurnesja
Tjarnagrill
Toyota Reykjanesbæ
TSA ehf.
Verkfræðistofa Suðurnesja hf.
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum

GRINDAVÍK
Einhamar Seafood ehf.
Fanndals Lagnir ehf.
Grindavíkurbær
H.H. Smíði ehf.
Lagnaþjónusta Þorsteins ehf.
Verkalýðsfélag Grindavíkur
Vísir hf.
Þorbjörn hf.

SUÐURNESJABÆR
Hvalsneskirkja
Leikskólinn Gefnarborg
Suðurnesjabær
Verk- og tölvuþjónustan ehf.
Vélsmiðja Sandgerðis ehf.

MOSFELLSBÆR
Afltak ehf.
bilalokkun.is
Bílamálunin Örninn ehf.
Dynkur ehf.
Fagverk verktakar sf.
Ísfugl ehf.
Ístex hf.
Kvenfélag Kjósarhrepps
María Norðdahl
MIG Verk ehf.
Mosfellsbakarí
Nonni litli ehf.
Nýja bílasmiðjan hf.
Rafís ehf.
Reykjabúið ehf.
Útilegumaðurinn ehf.
Vélsmiðjan Sveinn ehf.

AKRANES
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar
Bílver, bílaverkstæði ehf.
Framvinda ehf.
Gallerý Snotra
Hvalfjarðarsveit
Model ehf.
PÍPÓ ehf.
Tannlæknastofan 2 Gómar ehf.
Trésmiðjan Akur ehf.
Valfell fasteignasala
Vélaleigan Þróttur

BORGARNES
Bifreiðaverkstæðið Hvannnes ehf.
Borgarbyggð
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
Solo hársnyrtistofa sf.
Sprautu- og bifreiðaverkstæði Borgarness sf.
Velverk ehf.

REYKHOLT
Garðyrkjustöðin Varmalandi

STYKKISHÓLMUR
Agustson ehf.
Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsnesi
Skipavík ehf.
Útgerðarfélagið Engey ehf.
Þórsnes ehf.

GRUNDARFJÖRÐUR
Dodds ehf
Soffanías Cecilsson hf.
Þjónustustofan ehf.

ÓLAFSVÍK
Litlalón ehf.
Steinprent ehf.
Steinunn ehf.
TS Vélaleiga ehf.

HELLISSANDUR
Kristinn J. Friðþjófsson ehf.
Nónvarða ehf.
Útnes ehf.

BÚÐARDALUR
Rafsel Búðardal ehf.

REYKHÓLAHREPPUR
Þörungaverksmiðjan hf.

ÍSAFJÖRÐUR
Ísblikk ehf.
Massi þrif ehf.
Orkubú Vestfjarða ohf.
SMÁ vélaleigan

HNÍFSDALUR
Hraðfrystihúsið-Gunnvör

BOLUNGARVÍK
Arna ehf.
Endurskoðun Vestfjarða ehf.
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf.

SÚÐAVÍK
Súðavíkurhreppur

FLATEYRI
Sytra ehf.

SUÐUREYRI
Fiskvinnslan Íslandssaga hf.

PATREKSFJÖRÐUR
Bifreiðaverkstæðið Stormur ehf.
Bílaverkstæðið Smur- og dekk
Eyfaraf ehf.
HT. málun ehf.
Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð
Vestmar ehf.
Vesturbyggð

TÁLKNAFJÖRÐUR
Bókhaldsstofan Tálknafirði

BÍLDUDALUR
Hafkalk ehf.

ÞINGEYRI
Brautin sf.

HÓLMAVÍK
Sparisjóður Strandamanna

DRANGSNES
Fiskvinnslan Drangur ehf.
Rúna ehf.
Útgerðarfélagið Gummi ehf.

HVAMMSTANGI
Húnaþing vestra
Sláturhús KVH ehf.

BLÖNDUÓS
Blönduósbær
Húnavatnshreppur
Léttitækni ehf
Pöntunar- og viðgerðarþjónusta Villa ehf.
Stéttarfélagið Samstaða
Sörlatunga ehf.
Vilko ehf.

SKAGASTRÖND
Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf.
Sveitarfélagið Skagaströnd

SAUÐÁRKRÓKUR
Bókhaldsþjónusta KOM ehf.
Dögun ehf.
Efnalaug og þvottahús
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Hlíðarkaup
K-Tak ehf.
Skagafjarðarveitur
Steinull hf.
Sveitarfélagið Skagafjörður
Verslun Haraldar Júlíussonar
Verslunarmannafélag Skagafjarðar

VARMAHLÍÐ
Akrahreppur Skagafirði

SIGLUFJÖRÐUR
Fjallabyggð
Siglufjarðar Apótek ehf.

AKUREYRI
Almenna lögþjónustan ehf.
Baldur Halldórsson ehf.
Baugsbót ehf, bifreiðaverkstæði
Bifreiðastöð Oddeyrar ehf.
Bílapartasalan Austurhlíð
Bílasala Akureyrar ehf.
Bláa kannan ehf.
Bútur ehf.
Byggingarfélagið Hyrna ehf.
Fasteignasalan Byggð
Fóðurverksmiðjan Laxá hf.
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf.
Hagþjónustan ehf.
Hlíð hf.
Hnýfill ehf.
Höldur ehf., bílaleiga
Index tannsmíðaverkstæði ehf.
Íslensk verðbréf hf.
KG-Sendibílar ehf.
Kjarnafæði hf.
Kollgáta Arkitektur
Kranabílar Norðurlands
Lagnalind ehf.
Ljósco ehf.
Meindýravarnir Axels ehf.
Múriðn ehf.
Norðlenska ehf.
Norðurorka hf.
Norlandair ehf.
Rafeyri ehf.
Raftákn ehf - Verkfræðistofa
S.Guðmundsson ehf., múrverktaki
Samherji ehf.
Sella tannlæknar ehf.
Sjúkrahúsið á Akureyri
Skóhúsið - Bónusskór
Tannlæknastofa Árna Páls
Timburbyggð ehf.
Trétak ehf.
Veitingastaðurinn Krua Siam
Verkval ehf.
Þverá

GRENIVÍK
Grýtubakkahreppur

GRÍMSEY
Ragnhildur Hjaltadóttir
Sæbjörg ehf

DALVÍK
Bruggsmiðjan Kaldi ehf.
Dalvíkurbyggð
Híbýlamálun, málningarþjónusta ehf

HÚSAVÍK
Norðurþing
Tjörneshreppur
Trésmiðjan Rein ehf.

KÓPASKER
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
Vökvaþjónusta Kópaskers ehf.

ÞÓRSHÖFN
Geir ehf.
Verkalýðsfélag Þórshafnar

BAKKAFJÖRÐUR
K Valberg slf.

EGILSSTAÐIR
Austfjarðaflutningar ehf.
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf.
Gunnarsstofnun
Héraðsprent ehf.
Klassík ehf.
Múlaþing
Myllan ehf.
Myndsmiðjan ehf.
Rafey ehf.
Þ.S. verktakar ehf.

REYÐARFJÖRÐUR
Fjarðabyggð
Fjarðaveitingar ehf.
Raust - Almannatengsl og lögfræðiráðgjöf ehf.

ESKIFJÖRÐUR
Egersund Ísland ehf.
Fjarðaþrif ehf.
R.H.gröfur ehf.
Tandraberg ehf.
Tandrabretti ehf.

NESKAUPSTAÐUR
G.Skúlason vélaverkstæði ehf.
Nestak ehf., byggingaverktaki

FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR
Litli Tindur ehf.
Loðnuvinnslan hf.
Skrúðsverk ehf.

DJÚPAVOGUR
Berunes farfuglaheimili ehf.
Smástál ehf.

HÖFN Í HORNAFIRÐI
AJTEL ICELAND ehf.
H. Christensen ehf.
Höfn Inn Guesthouse
Málningarþjónusta Horna ehf.
Rósaberg ehf.
Sveitafélagið Hornafjörður
Þingvað ehf., byggingaverktakar

SELFOSS
Ágúst Bogason ehf.
Baldvin og Þorvaldur ehf.
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf.
Búhnykkur sf.
Búnaðarsamband Suðurlands
Eðalbyggingar ehf.
Flóahreppur
Fossvélar ehf.
Framsóknarfélag Árnessýslu
Fræðslunetið
Garðyrkjustöðin Kvistar ehf.
Gullfosskaffi við Gullfoss
Jáverk ehf.
K Þ Verktakar ehf.
Kökugerð H P ehf.
Málningarþjónustan ehf.
Mosey ehf.
Pípulagnir Helga ehf.
Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts ehf.
Reykhóll ehf.
Sjúkraþjálfun Selfoss ehf.
Stálkrókur ehf.
Súperbygg ehf.
Svavar Sveinsson
Sveitarfélagið Árborg
Tré og straumar ehf.
Tæki og tól ehf.
Útfararþjónustan Fylgd ehf.
Vélaverkstæði Þóris ehf.

HVERAGERÐI
Ficus ehf.
Hamrar ehf., plastiðnaður

ÞORLÁKSHÖFN
Járnkarlinn ehf.

ÖLFUS
Gljúfurbústaðir ehf.
Stokkar og steinar sf.

LAUGARVATN
Ásvélar ehf.
Miðdalskirkja

FLÚÐIR
Flúðasveppir ehf.
Flúðaverktakar ehf.

HELLA
Hestvit ehf.
Landgræðsla ríkisins
Strókur ehf.

Hvolsvöllur
Kvenfélagið Freyja
Rafverkstæði Ragnars ehf.

VÍK
Mýrdalshreppur
Mýrdælingur ehf.

VESTMANNAEYJAR
Áhaldaleigan ehf.
Bergur VE44
Bergur-Huginn ehf.
Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf.
Bílaverkstæði Sigurjóns
Bókasafn Vestmannaeyja
Huginn ehf.
Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Íþróttabandalag Vestmannaeyja
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Ós ehf.
Rannsóknarþjónustan V.M.
Suðurprófastdæmi
Tvisturinn ehf.
Vestmannaeyjabær

ÞORLÁKSHÖFN
Járnkarlinn ehf.
Sveitarfélagið Ölfus

ÖLFUS
Eldhestar ehf.
Stokkar og steinar sf.
Trésmiðja Sæmundar ehf.

Hvort sem þú ert gefandi eða þiggjandi gjafabréfs Hjálparstarfs kirkjunnar gefur þú gjöf sem heldur áfram að gefa.

Jólagjöfin sem heldur áfram
að gefa fæst á **gjofsemgefur.is**

Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance